

Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. maí 2020

Efni: Viðbrögð Landspítala við heimsóknarskýrslu vegna OPCAT eftirlits á þrjár deildir spítalans dags. 16. október 2019

Undirrituð fagnar skýrslunni og telur hana gott og þarft verk til hagsbóta fyrir Landspítala og skjólstæðinga hans sem málið varðar.

Spítalinn hefur tekið þær ábendingar og tilmæli sem fram koma í skýrslunni til meðferðar og áformar að byggja á þeim til að úrbóta eftir því sem honum er fært. Einnig vonast spítalinn til að önnur stjórnvöld, ráðuneyti og Alþingi, bregðist við og færi það til betri vegar sem að þeim snýr í samræmi við ábendingar og tilmæli sem til þeirra er beint.

Undirritaðri hefur verið falið að hafa forgöngu um viðbrögð Landspítala við skýrslunni. Af því tilefni hefur verið settur á laggirnar vinnuhópur skipaður starfsmönnum spítalans. Hópurinn hefur skipt með sér verkum til að bregðast við einstökum athugasemdum og tilmælum í skýrslunni sem beint er að spítalanum.

Vinnuhópin skipa:


- Hrafnhildur Benediktsdóttir, hjúkrunarfræðingur á 32C (s: 4430) - Verkefnastjóri
- Nanna Briem, forstöðumaður, meðferðarsviði
- Halldóra Jónsdóttir, yfirlæknir geðlækninga á 32C
- Eyrún Thorstensen, deildarstjóri á sérhæfðir endurhæfingargeðdeild
- Birna Guðrún Þórðardóttir, yfirlæknir á meðferðargeðdeild - Laugarási
- Guðmundur Sævar Sævarsson, deildarstjóri á réttargeðdeild
- Oddur Gunnarsson, lögfræðingur

Athugasemdir og tilmæli í skýrslunni eru margvísleg og ljóst að í sumum tilvikum þarf að safna gögnum og leggja í talsverða vinnu til að unnt verði að bregðast við á meðan annað kann að vera tiltölulega auðleyst. Hafa ber þó í huga að í sumum málum kunna að vera hindranir sem ekki verður auðvelt að ryðja úr vegi, eins og kostnaður og þátttaka utanaðkomandi aðila sem Landspítali hefur ekki boðvald yfir. Undirrituð hefur óskað eftir því við umsýðarmenn einstakra

verkpátt að þeir skili tillögum/áætlun um aðgerðir hvað sinn pátt varðar eigi síðar en 1. september 2020 .

Þá áforma ég að taka saman greinargerð um stöðu mála og einstakra þátta eigi síðar en 30. nóvember 2020. Greinargerðin verður send til umboðsmanns Alþingis.

Virðingarfyllst,



Nanna Briem, forstöðumaður
geðþjónustu á Landspítala

Afrit:
Forstjóri Landspítala